



GRÆN SKREF

www.graenskref.is



GRÆN SKREF

Verkefni fyrir ríkisstofnanir og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkis sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af sinni starfsemi og auka þekkingu starfsfólks á umhverfismálum.





Verkefnið var sett á laggirnar árið 2014, Umhverfisstofnun sér um allt utanumhald og ráðgjöf og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti fjármagnar verkefnið. Þátttaka er stofnunum að kostnaðarlausu.

Skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum

Parísarsáttmálinn

- ❖ 29% samdráttur í losun árið 2030 m.v. árið 2005*
- ❖ Sjá [hér](#)

Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum

- ❖ A.m.k 55% samdráttur í losun árið 2030 m.v. árið 2005
- ❖ Kolefnishlutleysi Íslands árið 2040
- ❖ Sjá [hér](#)



Það er sérstaklega mikilvægt að Stjórnarráðið og stofnanir ríkisins gangi fram með góðu fordæmi þegar kemur að því að ná árangri í umhverfis- og loftslagsmálum.

Skyldur ríkisstofnana og fyrirtækja í meirihluta eigu ríkis í umhverfis- og loftslagsmálum

Græn skref

- ❖ Samkvæmt [Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins](#) verða gerðar kröfur um að allar ríkisstofnanir uppfylli öll fimm Grænu skrefin fyrir árslok 2021

Skyldur ríkisstofnana og fyrirtækja í meirihluta eigu ríkis í umhverfis- og loftslagsmálum

Loftslagsstefna

- ❖ Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihluta eigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð (lög um loftslagsmál nr. 70/2012, 5.gr.c)
- ❖ Sjá leiðbeiningar [hér](#)



Ávinnингur Grænna skrefa



Dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum
Ánægðara starfsfólk
Bætt ímynd
Betri nýting aðfanga
Lægri rekstrarkostnaður
Ný þekking
Samfélagsleg ábyrgð

Ferlið

- [Stofnun skráir sig til leiks](#)
- Þriggja til fimm manna teymi skipað sem fer fyrir innleiðingu verkefnisins á vinnustaðnum
- [Gátlista hlaðið niður hér](#)
- Aðgerðir fyrsta skrefs (eða fleiri skrefa) uppfylltar
- Útfylltur gátlisti sendur á [umsjónarmenn Grænna skrefa hjá Umhverfisstofnun](#)
- Þegar umsjónarmenn telja a.m.k. 90% aðgerða uppfylltar er bókaður tími í úttekt
- Umsjónarmaður Grænna skrefa kemur í úttekt á vinnustað/fjarúttekt fer fram
- Umsjónarmaður Grænna skrefa kemur á vinnustað og afhendir viðurkenningaskjal




Skrefin eru fimm og í hverju þeirra eru á bilinu 20-40
aðgerðir sem stofnunin þarf að uppfylla



green SKREF

Aðgerðirnar skiptast í sjö flokka



RAFMAGN
& HÚSHITUN



VIÐBURÐIR
& FUNDIR




MIÐLUN &
STJÓRNUN




FLOKKUN &
MINNI SÓUN




SAMGÖNGUR



ELDHÚS &
KAFFISTOFUR



INNKAUP



INNKAUP

Innkaup eru mikilvægur liður í því að ná árangri í umhverfismálum og er markmið þessa flokks að stofnanir innleiði umhverfisvæn innkaup. Umhverfisvæn innkaup hafa margskonar ávinning í för með sér fyrir kaupendur, seljendur og samfélagið allt. Þau draga úr umhverfisáhrifum, geta minnkað kostnað og aukið gæði ásamt því að stuðla að auknu framboði á umhverfisvænum vörum og þjónustu og hvetja til nýsköpunar. Einfaldasta leiðin til þess að innleiða umhverfissjónarmið í innkaup er að kaupa umhverfismerktar vörur og þjónustu.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að fræðslu um umhverfismerki og lífrænar vottanir fyrir innkaupafólk, gerð innkaupagreiningar, hvatningu til birgja um að auka framboð umhverfisvænna vara og því að hugað sé að hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins í hvívetna.

Lærðu að þekkja merkin

Sjá umfjöllun um vottanir og merkingar [hér](#)

UMHVERFISMERKI



LÍFRÆN RÆKTUN

Áreiðanleg umhverfismerkir (týpa 1)

Tekið tillit til alls lífsferilsins
þegar viðmið eru þróuð

1. Hráefni
2. Framleiðsla
3. Neysla
4. Förgun og endurvinnsla





FLOKKUN & MINNI SÓUN

Meginmarkmið þessa flokks eru að draga úr magni úrgangs sem fellur til á vinnustaðnum og að ná sem hæstu endurvinnsluhlutfalli. Til að unnt sé að minnka úrgangsmagnið á vinnustaðnum þarf að huga að því að draga úr kaupum á óþarfa og sömuleiðis vörum sem hafa mikinn úrgang í för með sér, nota fjölnota vörur, koma í veg fyrir óþarfa prentun á pappír og draga úr matarsóun.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að því að fræða starfsmenn um flokkun úrgangs, koma á skilvirkri flokkun á vinnustaðnum, gera greiningu á úrgangsmagni og ná allt að 80% endurvinnsluhlutfalli.





SAMGÖNGUR

Markmið þessa flokks er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengun af völdum samgangna en svigrúm stofnana og almennings til að minnka losun er hvað mest í þessum flokkum. Stofnanir eru hvattar til að draga úr óþarfa ferðum og kaupum á jarðefnaeldsneyti, ýta undir umhverfisvænar samgöngur og fjölgafjarfundum.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að því að bjóða upp á samgöngusamninga fyrir starfsfólk, setja upp góða aðstöðu fyrir hjólandi gesti og starfsmenn, auka hlut bifreiða sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum og hvetja innlenda sem og erlenda samstarfsaðila til að sækja fundi í gegnum fjarfundarbúnað.




Saksóknarar á hlaupahjólum

Björn Þorfinnsson skrifar 23. september 2019 06:00

Likar petta 158






RAFMAGN & HÚSHITUN

Í þessum flokki er áhersla lögð á orkunýtni og orkusparnað þegar kemur að rafmagns- og heitavatnsnotkun. Þó nánast öll orka sem framleidd er á Íslandi komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum er engin ástæða til að bruðla með hana. Á heildina litið má segja að með bættri nýtingu á innlendri orku fáum við meira út úr þeim fjárfestingum sem liggja í orkumannvirkjum landsins auk þess sem við drögum úr þörf á auknum virkjunarframkvæmdum. Hvað vinnustaði varðar, þá stuðlar orkusparnaður að fjárhagslegum sparnaði á sama tíma og hugað er að umhverfinu.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að greiningu á orkunotkun vinnustaðarins, vitundarvakningu meðal starfsfólks um orkusparnað og að hugað sé að hámarks orkunýtni við endurnýjun á raftækjum og ljósaperum.

Orkuflokkar raftækja





VIÐBURÐIR & FUNDIR


Í þessum flokki er lögð áhersla á að umhverfisstarf stofnana nái einnig yfir fundi og viðburði sem haldnir eru á þeirra vegum. Með því sýnum við gott fordæmi og hvetjum samstarfsaðila og gesti til að huga að bættri umgengni við umhverfið.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að því að einungis sé boðið upp á margnota borðbúnað og hugað sé að úrgangsflokkun á viðburðum, að gestir séu hvattir til að mæta á viðburði með umhverfisvænum hætti og að umhverfisvottuð ráðstefnurými séu valin umfram önnur.

Sjálfbær viðburðarskipulagning



Undir *Vinnugögn* á heimasíðu Grænna skrefa má finna [leiðbeiningar um sjálfbæra viðburðarskipulagningu](#) og [gátlista](#).



ELDHÚS & KAFFISTOFUR

Í þessum flokki er lögð áhersla á að umhverfisstarf stofnana nái til eldhús og kaffistofa. Framleiðsla og sóun matvæla hefur í för með sér álag á umhverfið og er neysla okkar á matvælum einn af þeim mikilvægu þáttum sem við getum breytt til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Í því samhengi skiptir máli bæði hvers konar matvæli við kaupum og hvernig við neytum þeirra og nýtum þau. Stofnanir ríkisins hafa möguleika á því að vera afl til góðs og hafa áhrif á bæði rekstur eigin mótneytis og aðkeyptrar þjónustu.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. Að framsetningu matvæla á matseðli, uppröðun matvæla í mótneyti, aðgerðir til að draga úr matarsóun, aðgerðir til að draga úr umbúðarnotkun, aukið framboð af grænkeramat, aukið framboð af lífrænum matvælum, og aukið hlutfall grænmetis í kjötréttum.

Matardagbók

Matur inn									Matur út						
Súpa Itr	Aðalréttur 1 kg	Lýsing aðalréttur 1	Aðalréttur 2 kg	Lýsing aðalréttur 1	Meðlæti (Hrisgrj/kart) kg	Lýsing meðlæti	Salatbar kg	Lýsing salatbar		Súpa Itr	Aðalréttur 1 kg	Aðalréttur 2 kg	Meðlæti (Hrisgrj/kart) kg	Salatbar kg	Fjöldi í mat

Undir [Vinnugögn](#) á heimasíðu Grænna skrefa má finna leiðbeiningar um skráningu á matarsóun og meira ítarefni er væntanlegt



MIÐLUN & STJÓRNUN

Markmið þessa flokks er tryggja gott utanumhald og miðlun á verkefninu, bæði innan stofnunar og utan, að starfsfólk sé upplýst um umhverfismál og að stofnunin haldi Grænt bókhald. Með því að halda Grænt bókhald gefst stofnunum tækifæri á að fylgjast með árangri af umhverfisstarfi sínu og setja sér raunhæf markmið tengd þeim umhverfisþáttum sem fylgst er með.

Aðgerðir Grænu skrefanna snúa t.a.m. að því að skipa teymi sem fer fyrir innleiðingu verkefnisins, að sett séu markmið í Grænu bókhaldi um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, að niðurstöður bókhaldsins séu kynntar fyrir starfsmönnum árlega og að reglulega séu haldnir fræðslufundir um umhverfismál á vinnustaðnum.

Í Grænu bókhaldi eru teknar saman upplýsingar um hvernig innkaupum á margvíslegri rekstrarvöru og þjónustu er háttað, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. Með markvissri færslu Græns bókhalds geta stofnanir gert sér grein fyrir keyptu magni og eðli innkaupa á vöru eða orku og þannig sett sér mælanleg markmið um hagræðingu eða að draga úr notkun.

Græna bókhaldið tekur til þeirra þátta sem hafa hve mest umhverfisáhrif í daglegum rekstri:

- Samgöngur
- Úrgangur
- Orkunotkun
- Pappírsnotkun
- Efnanotkun

Allar upplýsingar um Grænt bókhald má finna á [heimasíðu Grænna skrefa](#) en bókhaldinu er skilað í [Gagnagátt Umhverfisstofnunar](#) fyrir 1. apríl ár hvert.



GRÆNT BÓKHALD



green SKREF

Starfsfólk er hvatt til að taka þátt í verkefnum sem stuðla að umhverfisvernd



PLASTLAUS
SEPTEMBER

græn SKREF

Starfsfólk er hvatt til að taka þátt í verkefnum sem stuðla að umhverfisvernd



green SKREF



UMHVERFIS
STOFNUN

Skráning og allar upplýsingar um Grænu skrefin á heimasíðu verkefnisins

Við erum líka á Facebook:

- Umhverfisstofnun
- Græn skref – nytjamarkaður
- Græn skref - samráðsvettvangur



ALLIR GETA
EITTHVAP

ENGINN GETUR
ALLT